

## Áætlun Sævars jól og áramót

### Aðfangadagur og gamlársgdagur:

Frá Hrísey: 09:00.....	Frá Árskógssandi: 09:30
11:00.....	11:30
13:00.....	13:30
15:00.....	15:30

### Jóladagur og nýársdagur:

Frá Hrísey: 11:00.....	Frá Árskógssandi: 11:30
13:00.....	13:30
17:00.....	17:30
21:00.....	21:30

Á aðfangadag og gamlársgdag er ferð kl. 07:00  
upphringiferð.

Aðrir dagar samkvæmt núgildandi áætlun.

Símínn í Sævari er 695 5544.

Fréttabréf Ferðamálafélags Hríseyjar - [www.hrisey.net](http://www.hrisey.net)

Ábyrgðarmaður: Stjórn



## FRÉTTABRÉF

Ferðamálafélags Hríseyjar

Desember 2020

14. árgangur 14.tölublað

# KARRINN



Atma Sílvia Bök

## Hríseyjarfréttir

Ágætu lesendur! Hægt verður að nálgast Karrann á heimasíðunni  
[www.hrisey.is](http://www.hrisey.is)

## ***Hugleiðingar stjórnar***

Nú er runnin upp aðventan með allri sinni dýrð, þessir tímar eru sennilega þeir skrítnustu sem við höfum upplifað. Gleymum ekki að njóta saman eins og hægt er, hugsum um þá sem minna mega sín og gerum eitthvað gott, fyrir okkur, fjölskylduna, vini eða nágrennann. Það er svo gott að geta gefið af sér og gert góðverk. Gerum þennan tíma eftirminnilegan á jákvæðan hátt líka. Getum fært vini eða nágrenna að smakka smákökurnar okkar, gefið litlar nafnlausar gjafir. Gerum líka eitthvað saman, leikum, spilum, bökum, eldum og njótum. Þössum okkar að festast ekki í hvað þetta er erfiður tími og hvað við eigum bág, það eru eflaust margir sem eru verr staddir, gleymum því ekki. Verum góð við hvort annað. Gaman væri að koma af stað smá gleðibylgju fyrir jólin ekki veitir okkur af.

Óskum Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum árið sem er að líða.

Góðar stundir

*Hanna Hauksdóttir  
Ingimar Ragnarsson  
Linda María Ásgeirsdóttir  
Þórunn Björg Arnórsdóttir  
Þróstur Jóhannsson*

## ***Jólapósturinn 23. desember***

Móttaka í Hríseyjarbúðinni milli kl. 16:00 og 17:00.

***Ungmennafélagið Narfi.***

## ***Hríseyjarbúðin***

**20. desember:** 13:00 - 16:00

**21. desember:** 12:00 – 13:00 og 16:00 – 18:00

**22. desember:** 12:00 – 13:00 og 16:00 – 18:00

**23. desember:** 12:00 – 13:00 og 16:00 – 20:00

**24. desember:** 10:00 – 12:00

**Lokað 25. – 27. desember**

**Venjuleg opnun 28. – 30. desember**

**31. desember:** 10:00 – 12:00

**1. janúar:** Lokað

**2. janúar:** 13:00 - 16:00



## ***Eyja þáttökuverkefni***

Tímaleysi og töfrar í Eyju, þáttökuverkefni um það að tilheyra.

Þar sem ég sit við akademískar skriftir í Malmö í tilraun til að greina og gera upp listræn verkefni ársins þá hitnar mér um hjartarætur þegar ég hugsa til Hríseyjar, íbúanna og töfranna sem eyjan hefur að geyma. Það þykir kannski skrýtið að tala um töfra í tengslum við verkefni á hæsta stigi háskólanáms en tilfellið er að það er töluvert fjallað um töfra, fegurð, tilfinningar og flóknar upplifanir í rannsóknum hugvísinda og lista. Það var svo sannarlega fullt af öllu þessu í þáttökuverkinu Eyja, sem ég vann í samstarfi við Grétu Kristínu Ómarsdóttur, öllum börnum Hríseyjarskóla og fjölmörgum Hríseyingum og farfuglum og sýnt var í tengslum við Akureyrarvöku og á A!Festival. Verkefnið stendur upp úr árinu eins og sólargeisli í annars þungbúnu andrúmslofti heimsfaraldursins. Það var í raun ótrúlegt að okkur hafi yfir höfuð tekist að halda verkefninu til streitu þrátt fyrir sóttvarnartakmarkanir. Því þó að öllum viðburðum á Akureyrarvöku hafi verið aflýst, ákvað Leikfélag Akureyrar að standa við bakið á okkur Grétu og framkvæma verkeið í lok ágúst og aftur á A!Festival í október. Við erum þakklátar Mörtu Nordal og öllu hennar fólki fyrir að standa svo þétt við bakið á okkur. En það sem stendur hæst uppúr er gestrisni þátttakenda, sköpunargleði barnanna sem voru í lykilhlutverki verksins og almenn jákvæðni allra

þeirra sem á einn eða annan hátt lögðu sitt á vogarskálarnar. Sem hluti af doktorsverkefni mínu hef ég tekið viðtöl við þátttakendur og gesti verksins. Ég er upprifin yfir áhrifunum sem þátttakendur og gestir hafa lýst fyrir mér. Áhorfendur upplifðu bæði tímaleysi og töfra í gegnum verkeið sem eru gæði sem Hrísey hefur og verða ekki frá henni tekin. Ég er viss um að verkeið hefur sáð fræjum sem munu vaxa upp við rétt skilyrði og leiða eitthvað gott af sér fyrir *Eyjuna* okkar, hvers sem hún er.

Ég þakka öllum sem tóku þátt í verkefninu með okkur Grétu, krökkunum, öllu starfsfólki Hríseyjarskóla, áhöfn Sævars, Verbúðinni, öllum viðmælendum og gestgjöfum, fuglunum, hvölunum og náttúru Hríseyjar. Ég óska ykkur töfrandi jóla.

*Steinunn Knúts Önnudóttir, sviðslistakona og listrannsakandi*

## ***Handgerð kerti***

Til sölu handgerð kerti tilvalin í jólapakkann.  
Rósa Káradóttir símar 466 1769/694 8652.  
Fást einnig í Hríseyjarbúðinni.

## ***Elsku fólk***

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Ekki hef ég tölu á því hversu oft ég heyrði móður mína segja þetta þegar ég var lítill - og mikið sem ég hef hugsað til þessara orða síðastliðna mánuði.

Og eitt af því sem er breytingum háð, er almennt helgihald. En helgin er fólgin í fleiru en að biðja saman bænir. Þið eigið ykkar helgihald, með því að gera ykkar eigin litlu samfélög, svonefndar jólakúlor - og ræktið ykkar sambönd. Því þau eigið þið. Við munum svo hittast þegar sól hækkar á lofti og við horfum fram á grímulausa tíma. Þó náðum við aðeins að hittast við leiðalýsingarstundina. Og mikið sem það var dýrmætt - þó stutt væri.

Nú um stundir höfum við prestar kappkostað að útbúa bæna- og helgistundir, tekið upp í ýmsum kirkjum og sent þær út á þeim miðli sem okkur er handbærastur, blessuð fésbókin.

Í samstarfi við N4 verður svo sjónvarpað hátíðarguðþjónustu á jóladag kl. 13.00. Hún verður tekin upp í Grundarkirkju og er samstarfsverkefni okkar prestanna í prófastsdæminu. Við sr. Magnús fáum að sjá um tónið, svo þið getið glatt ykkur við að sjá prestana ykkar þrúðbúna, þó ekki verði það í raunheimum.

Í öllum áskorunum felast tækifæri. Hlúum að því sem hægt er. Önnumst okkur sjálf. Leyfum

væntumþykjunni að flæða. Knúsum þau sem við megum.

Jólin eru fasti - þau koma. Við getum aðeins reynt að hafa áhrif á okkur, hvernig við tökum á móti ljósinu, á móti jólabarninu.

Guð gefi að við megum öll finna frið og fyllast gleði og þakklæti á hátíð allra hátíða.

Megir þú eiga blessunarrík jól og aðventu - kæri lesandi.

Ykkar  
*Oddur*

## ***Dagatal ungmennafélagsins***

Líkt og undanfarin ár mun ungmennafélagið Narfi gefa út dagatal fyrir árið 2020. Dagatalið verður að vanda myndskreytt með fallegum myndum úr Hrísey.

Verð 2.500 kr.

Dagatalið verður til sölu í Hríseyjarbúðinni.



## ***Páll hauslausi***

Þegar við erum að alast upp í Hrísey upp úr 1970 og fram að 1980 eru ennþá minjar síldarvinnslunnar og síldarplansins þar sem síldin var verkuð. Þetta var hið besta leiksvæði og voru ófáar stundirnar sem við eyddum þarna í alls konar útgerðarleikjum. Svæðið þótti ekki mjög ákjósanlegt til þess að mati fullorðna fólksins og voru ýmis ráð notuð til að hræða okkur frá svæðinu. Hægt var að fara undir planið og langt undir bryggjuna og þar var heldur betur spennandi að vera, þar voru sett upp heilu frystihúsin og gert að fiski sem annað hvort rak á land eða við fengum með einum eða öðrum hætti. Þarna hefur sennilega verið mikil hrunhætta og ábyggilega stórhættulegt að vera en guð minn góður hvað þetta var skemmtilegt. Fullorðna fólkið hefur sennilega átt í miklum vandræðum með að koma með rök fyrir því að við mættum ekki vera þarna og því var skálduð upp persónan Páll hauslausi sem átti víst að vera þarna á ferðinni og helst þá undir bryggjunni, hann var gerður alveg hrikalegur í útliti og hafði víst misst höfuðið og hélt á því undir hendinni. Þvílík spenna sem skapaðist í kring um þessa persónu, við vorum auðvitað alveg ákveðin í því að sjá þennan hrylling með eigin augum og eyddum mörgum stundum í að eyða tíma þarna helst seint á daginn og kvöldin og hrikaleg spenna byggðist upp í kring um hann Pál hauslausa. Við vorum svo hrædd að ég man eftir að

hafa hreinlega pissað á mig af hræðslu. Sumir voru svo “heppnir” að sjá hann en það voru ekki margir. Ekki virkaði þetta ráð því mjög vel en ég man alltaf tilfinninguna að fara langt inn undir bryggjuna í myrkrinu og þora hvorki að vera fyrstur eða síðastur og svo hrópaði einhver: Þarna er hann og allir voru fyrstir út 😊 Þetta myndi nú sennilega ekki vera vinsælt í dag að skrökva svona að börnunum enda þurfum við ekki að hafa áhyggjur af því, við erum búin að búa svo um hnútana að þau þurfa aldrei að lenda í svona aðstæðum. Allt orðið hættulegt og stórvarasamt.

*Linda María Ásgeirsdóttir*

## ***Gallerí Perla***

Jólaopnun laugardaginn 12. desember  
kl. 13:00 – 17:00.



Kristín Björk Ingólfssdóttir

## **Fókusinn settur á Hrísey**

Á árinu hefur Akureyrarstofa unnið að ýmsum verðugum verkefnum í Hrísey í samstarfi við ferðamálafélagið.

Kynntar voru niðurstöður könnunar sem gerð var meðal ferðafólks í Hrísey sumarið 2019 en hún leiddi í ljós að það eru helst merktar gönguleiðir, náttúran og lega eyjunnar á miðjum Eyjafirði sem dregur fólk til staðarins.

Sótt var um markaðsverkefni fyrir Hrísey og Grímsey og fékkst styrkur frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra sem nýttur var til að kynna eyjarnar. Meðal annars var sjónvarpsstöðin N4 fengin til að búa til þætti um hvora eyju fyrir sig og kynna í sínum miðli. Samhliða voru búin til stutt kynningarmyndbönd sem dreift var á samfélagsmiðlum, fengu mikla spilun og vöktu talsverða athygli. Einnig var samið við auglýsingastofuna Pipar\TBWA um að koma jákvæðum fréttum úr Hrísey vel á framfæri í fjölmiðlum og tókst það samstarf með ágætum.

Samhliða voru búin til stutt kynningarmyndbönd sem dreift var á samfélagsmiðlum, fengu mikla spilun og vöktu talsverða athygli.

Akureyrarstofa og ferðamálafélagið unnu að því að fá fargjöld í ferjuna Sævar felld niður hluta úr sumrinu. Það hlaut góðan hljómgrunn og var allt að 2 milljónum kr. veitt í styrk til Ferðamálafélags Hríseyjar í þessu skyni. Fargjöldin voru síðan felld niður frá 10. júní til 30. júní í samstarfi við rekstraraðila ferjunnar.

Viðtökur voru betri en bjartsýnustu menn höfðu þorað að vona og líklega hafa aldrei áður fleiri heimsótt Hrísey á einum mánuði.

Sett var upp nýtt skilti við Holt með styrk frá Norðurorku. Akureyrarstofa aðstoðaði hollvinafélag hússins við að sækja um styrk fyrir skiltinu.

Minjasafnið og Akureyrarstofa unnu síðan að gerð skiltisins með góðri aðstoð m.a. Þorsteins Þorsteinssonar og hollvinafélagsins og var skiltið afhjúpað í ágúst 2020.

Um haustið var sótt um styrk í uppbyggingarsjóðinn fyrir skráningu og skönnun mynda auk þess sem sótt var í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða fyrir áframhaldandi uppbyggingu á áningarstað við Háborðið.

Nýlega var einnig lokið við að endurnýja og bæta við talsvert af vegvísunum og var meðal annars komið fyrir einum stórum vegpresti í miðju þorpínu sem vísar á helstu staði og þjónustu.

Í lok árs var síðan hafist handa við að útbúa upplýsingaskilti um Hrísey tengt Norðurstrandarleiðinni / Arctic Coast Way með korti af eyjunni, gönguleiðum, áhugaverðum stöðum og öðrum fróðleik.

*María Helena Tryggvadóttir,  
verkefnastjóri ferðamála Akureyrarstofu.*



## Áfram gakk

Þær gleðifréttir eru að Hrísey Seafood hefur fest kaup á línubátnum Tryggva Eðvarðs SH-2 sem mun fá nafnið Fanney EA-48.

Báturinn kom til Hríseyjar um síðustu helgi og er verið að undirbúa hann fyrir veiðar. Áformað er að báturinn verði gerður út frá Hrísey.

Eins og kunnugt er er Hrísey Seafood að koma sér fyrir í nýju húsnæði að Sandshorni en unnið er að framkvæmdum við það þannig að starfsemi geti hafist þar eins fljótt og mögulegt er.

Árið 2020 hefur verið örlagaríkt í rekstri Hríseyjar Seafood þar sem bruninn á húsnæði félagsins tækjum og birgðum var félaginu mikið tjón.

Við horfum fram á að betri tíma í starfsemi félagsins á komandi misserum og lítum bjartsýn til framtíðar.

Hrísey Seafood óskar öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

Hlökkum til samstarfsins á nýju ári.

Jólakveðja  
Sigurður, Telma og Óðinn



## Hríseyjarferjan Sævar

Nú er enn eitt árið að líða hjá, á ógnarhraða. Segja má að árið hafi verið viðburðaríkt. Skrýtna árið sem einkennst hefur af takmörkunum og grímuskyldu. Sveiflur í fjölda farþega milli mánaða hafa sennilega aldrei verið meiri. Allt frá því að vera með örfáa farþega í mars og apríl og yfir í að vera með stærstu mánuði sem sést hafa á ferjunni.

Árið mun samt enda með heldur fleiri farþega en síðustu ár og ferðafjöldinn er svipaður, eða um 3100 ferðir.

Ferjan fór í venjubundinn slipp í maí og kom blá til baka. Flest allir hafa lýst ánægju sinni með þá breytingu. Einhverjir vildu þó hafa hana hvíta áfram, eins og gengur. Einnig var skipt um aðra aðalvélina.

Við hjá Andey erum nú að ljúka okkar þriðja rekstrarári. Svona líður tíminn nú hratt. Við höfum því verið að spyrja Vegagerðina og stjórnámálamenn hvernig menn sjái fyrir sér ferjusiglingar til Hríseyjar á næstu árum. Þá á ég við að núverandi ferja hefur verið 20 ár í rekstri. Það hlýtur því að koma sá tími að ákveða þarf hvert skal stefna. Það er ekkert launungarmál að við myndum vilja sjá nýja ferju á næstu árum.

Að því sögðu óskum við ferjumenn Hríseyingum og öðrum farþegum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Þröstur Jóhannsson*

## **Ungmennafélagið Narfi**

Starfsemi Ungmennafélagsins Narfa var fjölbreytt á árinu en á köflum krefjandi og háð takmörkunum sóttvarna. Íþróttæfingar héldu áfram í upphafi árs þar sem boðið var upp á íþróttaskóla fyrir börn á leikskólaaldri, Krakkafjör fyrir yngri nemendur grunnskólans, félagsmiðstöðina Draum fyrir eldri nemendur og badminton fyrir fullorðna. Jara, Dísella og stjórnin skiptu með sér að hafa umsjón með æfingum. Í febrúar var krökkunum í félagsmiðstöðinni boðið að fara í Laugar á Tónkvíslina, söngkeppni Framhaldsskólans á Laugum. Pizzuhlaðborð var í Dalakofanum og gíst í vallahúsinu við íþróttavöllinn. Allir skemmtu sér vel og voru sjálfum sér og Hrísey til sóma. Um miðjan mars setti Covid veiran strik í allt okkar starf eins og hjá öðrum íþróttafélögum á landinu. Í samstarfi við Hríseyjarskóla, sem er heilsueflandi grunnskóli, settum við af stað hreyfiáttak 18. apríl til 15. maí til að hvetja til hreyfingar þrátt fyrir lokun íþróttamiðstöðvarinnar. Þátttakendur skráðu hreyfingu í eyðublað á netinu og var margskonar hreyfing skráð, svo sem ganga, skokk, hjól, styrktaræfingar og gönguskíði. Dregnir voru auka vinningar tvisvar meðan á áttakinu stóð og aðal vinningar í lokin úr yfir 440 skráningum. Vinningshafar hlutu gjafabréf frá Verbúðinni 66, handverki Vilborgar, Wave Guesthouse, sundlauginni í Hrísey, Sport 24 á Akureyri og Dalakofanum á Laugum. Þökkum við

kærlega fyrir þátttökuna, þeim sem gáfu gjafabréf fyrir stuðninginn og Hríseyjarskóla fyrir samstarfið.

Í maí náðum við nokkrum æfingum með krökkunum og héldum í lokahóf í byrjun júní og buðum í hamborgaraveislu á Verbúðinni 66.

23.-27. júní var sumar badminton námskeið í íþróttamiðstöðinni fyrir 6-14 ára þar sem fjórir ungrir badminton iðkendur frá Badmintondeild Hamars í Hveragerði og frá Tennis-og Badmintonfélagi Reykjavíkur leiðbeindu krökkunum og fengu í staðin tíma til að æfa sig. Umsjón hafði Jara Sól og einnig voru þau Hrönn og Tommi innan handar. Mæting var góð og í lokin var farið í traktorsferð um þorpið og ís í Hríseyjarbúðinni. Í upphafi námskeiðsins fengum við alvöru badmintonspaða að gjöf frá badmintondeild Hamars í Hveragerði og nokkur box af fjaðurboltum frá Badmintonsambandi Íslands. Færum við þeim bestu þakkir fyrir og badminton krökkunum fyrir samstarfið.

Í sumar gaf ungmennafélagið sundlauginni nokkur sundleikföng, í haust gáfum við skólanum sjónvarp og bókasafninu sófa og kassa af nýjum bókum. Í september buðum við börnunum í Hrísey í bíó á Akureyri á myndina Fjölskylda stórfótar. Aðalfundur var haldinn og var stjórnin endurkjörin, Hrund formaður, Ingólfur gjaldkeri og Díana ritari. Vetraræfingar fóru af stað með haustinu, íþróttaskóli fyrir leikskólabörn og fjölbreytt dagskrá í Krakkafjöri og Draumi, má þar nefna bíó og popp, þrautabraut, fúsballmót, hárgreiðslukeppni, singstar, kahoot



spurningakeppni, bakstur og borðspil. Bára fór af stað með sundleikfimi fyrir fullorðna og stólaleikfimi fyrir eldri borgara, frábært framtak. En svo var öllu skellt í lás aftur út af covid sóttvarnaraðgerðum. Við settum af stað viku langan hvatningarleik á facebook til að hvetja fólk til að hreyfa sig innan takmarkana og var gaman að sjá myndir á facebook undir myllumerkinu #hreyfumhrisey. Við höfum pantað boli merka með merki félagsins og ætlum að gefa öllum börnum í Hrísey og einnig pöntuðu margir fullorðnir boli. Merki félagsins verður því vel sjáanlegt á nýju ári, allir flottir í nýjum bolum. Við sækjum reglulega um styrki, nú síðast í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og Íþróttasjóð Rannís og glöddumst yfir því að fá styrkveitingu frá UMFÍ fyrir verkefni okkar *Hreyfing og fræðsla fyrir fullorðna*. Meðan allt er lokað ákváðum við að bjóða upp á netfyrirlestur frá fyrirtækinu KVAN og gáfum í einskonar aðventugjöf fyrirlestur frá Önnu Steinsen, annars vegar fyrir nemendur í 6.-10. bekk Hríseyjarskóla og fullorðna Hríseyinga. Höfðu allir sem hlustuðu gagn og gaman af. Í desember munum við standa fyrir móttöku og útburði á jólapósti á þorláksmessu, ekkert verður af jólaballi þetta árið en gefið verður út dagatal fyrir árið 2021 til styrktar féluginu og vonum við að sem flestir styrki starf félagsins með því að kaupa dagatal, boðið verður upp á fría heimsendingu hvert á land sem er!

Stjórn UMF Narfa óskar Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

## **Fréttir úr Hríseyjarskóla**

Hríseyjarskóli var settur 24. ágúst sl. við frekar óvenjulegar aðstæður þ.e. foreldrar gátu ekki verið með á setningunni vegna tveggja metra nálægðartakmarkana þetta árið en fengu senda upptöku af setningunni.

Í skólann voru skráðir 15 nemendur en enginn á leikskólann. Þessa önn hefur heldur betur fjölgað hjá okkur en um síðustu mánaðamót eru skráðir 16 nemendur í grunnskólann og 7 börn á leikskólann auk þess hefur starfsfólki fjölgað um einn. Þetta er rúmlega 30% fjölgun í Hríseyjarskóla sem er svo sannarlega gleðilegt.

Allt skólastarf hefur mótast af þeim takmörkunum sem eru í gildi hverju sinni og við aðlagað okkur að því. Verkefni okkar hafa samt sem áður verið mörg og spennandi. Vegna þessara aðstæðna í samfélaginu höfum við verið í minni tengslum við foreldra og samfélagið en við myndum annars vilja. Við fórum í það að taka upp fréttatíma þar sem nemendur segja frá því helsta sem er að gerast í skólanum hverju sinni. Þessir fréttatímar hafa fengið gott áhorf og við erum himinsæl með þetta og ætlum að halda ótrauð áfram.

Í haust fengum við gestakennara í skólann til okkar. Nemendur skólans sem það vildu tóku þátt í að setja

upp þátttökuverkið Eyja sem sýnt var hér í Hrísey í lok ágúst og svo aftur í október. Verkefnið heppnaðist vel og þau fengu mikið lof fyrir sinn hluta verkefnisins.

Göngum í skólann verkefnið var á sínum stað og vorum við virk í því. Heilsuvika var í september þar sem við skoðuðum hugtakið heilsa út frá mörgum hliðum og fjölluðum m.a. um orkudrykki, svefn, geðheilsu og fl.

Sudbury vika var hjá okkur í október en það er vika þar sem nemendur velja sjálfir hvað þeir vilja læra og tengja það við lykilhæfni í Aðalnámsskrá. Þeir mæta með útfyllta stundatöflu fyrir vikuna og vinna eftir henni. Þarna reynir á að skipuleggja sig vel og áætla góðan tíma í það sem á að gera. Nemendur völdu t.d. að smíða, sauma, baka, gera bækur og forrita svo eitthvað sé nefnt. Þessi vika er alltaf skemmtileg og gaman að sjá hvar áhugasvið nemanda liggur.

Í desember er alltaf nóg að gera og við höldum í hefðir sem skapast hafa hjá okkur í gegnum tíðina, málum jólamyndir á gluggana, skerum út laufabrauð, bökum piparkökur, skrifum á jólakort, útbúum jólagjafir, fönndrum og hlustum á jólatónlist. Litlu jól Hríseyjarskóla verða föstudaginn 21. desember kl 10:00 og að þessu sinni eingöngu fyrir nemendur þar sem við verðum að fylgja þeim fjöldatakmörkunum sem í gildi eru.

Við förum svo í jólafrí eftir litlu jólin og mætum aftur til starfa 4. janúar með starfsdag en nemendur mæta kl. 8:00 5. janúar 2021.

Nemendur og starfsfólk Hríseyjarskóla óska öllum Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs. Við þökkum samstarfið á árinu sem er að líða og vonum að nýja árið muni færa okkur gleði og kærleika.

Njótið aðventunnar með fjölskyldu og vinum.

## **Sundlaug**

Opnunartímar jól og áramót:

Þorláksmessa 23. desember: Lokað  
Aðfangadagur 24. desember: Lokað  
Jóladagur 25. desember: Lokað  
Annar í jólum 26. desember: Lokað  
27. desember: 13:00 – 16:00  
28. desember: 15:00 – 19:00  
29. desember: 15:00 – 19:00  
30. desember: 15:00 – 19:00  
Gamlársdagur 31. desember: Lokað  
Nýársdagur 1. janúar: Lokað